

Náttúran í nærumhverfinu

VERKEFNI FYRIR UNGLINGASTIG Á DEGI ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Viljum við náttúru á skólalóðina?

Vinnið saman 2-3 í hóp. Til að svara spurningunum á vinnublaðinu er skynsamlegt að ganga um skólalóðina og næsta nágrenni skólans og skoða sérstaklega náttúruna sem er til staðar. Kennarar ykkar stýra því hversu stórt svæði þið getið notað. Svarið spurningum í vinnubók. Gott er að taka ljósmyndir ef hægt er og skissa hugmyndir í vinnubókina eða á bakhlið vinnublaðsins.

1. Veltið fyrir ykkur og nefnið a.m.k. þrjú dæmi um hvaða gildi náttúran hefur í næsta nágrenni skólans ykkar. Hvers vegna viljum við hafa náttúru nálægt okkur? Græðum við eitthvað á því?

2. Finnst ykkur skipta máli að geta upplifað náttúru á hverjum degi og í næsta umhverfi ykkar? Útskýrið af hverju ykkur finnst það skipta máli eða ekki.

3. Hvers mynduð þið sakna ef engin náttúra væri í nágrenni skólans? Hvað haldið þið að myndi breytast?

4. Skoðið skólalóðina ykkar eða næsta nágrenni skólans. Mynduð þið vilja breyta einhverju? Hverju?

5. Ef þið ættuð að auka náttúru við skólann hvernig mynduð þið gera það? Lýsið ykkar hugmyndum með orðum eða teikningum.